

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

Stjórnsýsluhúsinu

400 Ísafjörður

Þingeyri 18. febrúar 2021

Efni: Endurnýjun á samstarfssamningi millum Ísafjarðarbæjar og Act alone.

Stjórn Act alone leiklistarhátíðar á Suðureyri óskar hér með eftir endurnýjun á samstarfssamningi millum Actsins og Ísafjarðarbæjar.

Act alone var fyrst haldin á Ísafirði árið 2004 en hefur síðan 2012 verið haldin á Suðureyri. Actið er langelsta leiklistarhátíð landsins og hefur notið mikilla vinsælda allt frá upphafi. Óhætt er að segja að Actið hafi poppað uppá leiklistar- og listalífið ekki bara á Vestfjörðum heldur á landinu öllu. Allt frá upphafi hefur verið ókeypis á Act alone og þannig verður það áfram. Með Actinu er sannlega verið að bjóða uppá einstaka ókeypis listaveislu fyrir íbúa bæjarins sem og gesta er sækja okkur heim.

Act alone óskar hér með eftir óbreyttum samningi við Ísafjarðarbæ einsog áður var bæði hvað aðkomu Ísafjarðarbæjar varðar og sömuleiðis aðkomu Actsins. Ennfremur er óskað eftir sama fjárframlagi og áður var.

Það væri mikil viðurkenning fyrir Act alone ef áframhald verði á þessu vel lukkaða samstarfi sem verið hefur farsællegra nokkur síðustu ár.

Með einstakri kveðju,

F.h. Act alone

Elfar Logi Hannesson

www.actalone.net